

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	20.200 kr.
Fyrirtæki:	a. 20.200 kr.
	b. 55.500 kr.
	c. 101.200 kr.
	d. 185.700 kr.
	e. 362.200 kr.
	f. 549.200 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 12. febrúar og 24. febrúar 2009.

4. gr.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Gjaldskrá nr. 413/2008 fellur úr gildi frá sama tíma.

Skútustaðahreppi, 26. febrúar 2009.

Guðrún M. Valgeirsdóttir sveitarstjóri.